Bandalag íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists

Reykjavík 15.11. 2026

Umsögn Bandalags íslenskra listamanna um drög að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt

Mál nr. S-225/2026

Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) gerir alvarlegar athugasemdir við drög að reglugerð um framfærslu vegna umsókna um dvalarleyfi og íslenskan ríkisborgararétt. Bandalagið hefur áhyggjur af því að fyrirhuguð framfærsluviðmið taki ekki mið af raunverulegum tekjum og starfsaðstæðum fólks sem starfar í listum og menningargeiranum. Reglugerðin getur haft verulegar afleiðingar fyrir listafólk af erlendum uppruna sem hefur byggt upp starfsferil, stofnað fjölskyldu og lagt sitt af mörkum til íslensks samfélags.

Lágmarksframfærsla og áhrif á fjölskyldur

BÍL gerir athugasemdir við fyrirhugaða hækkun lágmarksframfærsluviðmiða samkvæmt reglugerðardrögunum. Viðmið einstaklings hækkar úr 259.951 kr. í 501.186 kr. á mánuði, eða um tæplega 93%. Hækkunin er enn meiri þegar tekið er mið af fjölskyldustærð og framfærsluskyldu. Viðmið einstæðs foreldris með tvö börn hækkar um 208% og viðmið hjóna með þrjú börn um 201%.

Samkvæmt fyrirhuguðum viðmiðum þurfa einstæðir foreldrar með tvö börn að sýna fram á tæplega 802.000 kr. í mánaðarlega framfærslu og hjón með þrjú börn rúmlega 1,25 milljónir króna. Nánari útfærsla viðmiðanna og reiknistuðlar koma fram í reglugerðardrögunum.

BÍL telur að svo umfangsmikil hækkun kalli á ítarlegt mat á áhrifum hennar á ólíka hópa samfélagsins. Fyrirhuguð viðmið taka ekki nægilegt mið af raunverulegum tekjum og fjölbreyttum starfsaðstæðum fólks á íslenskum vinnumarkaði og geta reynst sérstaklega íþyngjandi fyrir fólk með óreglulegar tekjur og börn á framfæri sínu.

Starfsaðstæður og tekjuöryggi listafólks

Kannanir meðal atvinnulistafólks sýna að stór hluti þess býr við lágar og óreglulegar tekjur þrátt fyrir mikið vinnuframlag. Í könnun SÍM frá árinu 2025, *Lífsviðurværi listamanna á Íslandi*, sem Dr. Emilia Telese vann, kemur fram að um 75% svarenda verja 30–50 klukkustundum eða meira á viku í

listsköpun og tengda stjórnsýslu. Aðeins um 20–25% hafa tekjur af listsköpun sem duga til framfærslu.

Svipaða stöðu má sjá í kjarakönnun Rithöfundasambands Íslands frá árinu 2025. Þar kemur fram að 71% svarenda sinna öðrum störfum samhliða ritstörfum eða hafa þau sem aukastarf. Þá höfðu 62% ekki fengið úthlutað listamannalaunum á ritunartíma síðustu bókar sinnar og 34% fengu innan við 300.000 krónur í höfundarlaun fyrir sölu hennar á útgáfuárinu.

Launagögn frá Listaháskóla Íslands, sem koma fram í svari ráðherra við fyrirspurn á Alþingi, sýna að meðalheildarlaun í flokki annarra stöðugilda, þar sem meðal annars eru lausráðnir kennarar og rannsakendur, voru 459.000 krónur á mánuði árið 2024. Sú fjárhæð er undir fyrirhuguðu framfærsluviðmiði einstaklings. Þá sýna upplýsingar um laun akademísks starfsfólks að meðalheildarlaun lektora voru 799.000 krónur á mánuði árið 2026, miðað við fullt stöðugildi og aðrar greiðslur. Sú fjárhæð er undir fyrirhuguðu framfærsluviðmiði hjóna með eitt barn, sem er 952.253 krónur á mánuði.

Listamannalaun árið 2026 nema 580.000 krónum á mánuði sem verktakagreiðsla. Þegar tekið hefur verið tillit til launatengdra gjalda samsvara þau um 420.000 krónum í mánaðarlaun samkvæmt útreikningum BÍL. Þannig ná jafnvel listamannalaun í fullu hlutfalli ekki fyrirhuguðu framfærsluviðmiði einstaklings.

Tekjur listafólks geta verið háðar styrkjum, listamannalaunum, verkefnasamningum, sölu verka, höfundarlaunum og tímabundnum ráðningum. Þær dreifast ekki endilega jafnt yfir árið og óreglulegar tekjur eru ekki merki um skort á atvinnuþátttöku. BÍL hefur því áhyggjur af því að kröfur reglugerðardraganna um tekjusögu síðustu þriggja ára og staðfestingu tekna og bankainnstæðna geti reynst sjálfstætt starfandi listafólki sérstaklega íþyngjandi.

Listafólk af erlendum uppruna hefur gegnt mikilvægu hlutverki í íslenskri myndlist, tónlist, sviðslistum, bókmenntum, hönnun og öðrum listgreinum. Framlag þess hefur auðgað íslenskt menningarlíf og styrkt fjölbreytileika þess.

Ef framfærsluskilyrði taka ekki mið af raunverulegum starfsaðstæðum er hætta á að fólk sem hefur starfað hér um árabil, greitt skatta og tekið virkan þátt í samfélaginu verði útilokað frá möguleikanum á að fá áframhaldandi dvalarleyfi eða íslenskan ríkisborgararétt. Það hefði ekki aðeins áhrif á viðkomandi einstaklinga og fjölskyldur þeirra heldur einnig á íslenskt menningarlíf.

Tillögur Bandalags íslenskra listamanna

Með vísan til framangreinds leggur BÍL til:

1. Að fyrirhuguð framfærsluviðmið verði endurskoðuð áður en reglugerðin verður samþykkt. BÍL telur hækkunina óhóflega og að ekki hafi verið sýnt fram á að nægilegt mat hafi farið fram á áhrifum hennar. Ef ekki verður fallist á endurskoðun telur BÍL rétt að halda núverandi viðmiðum óbreyttum.
2. Að áhrif reglugerðarinnar á listafólk og fjölskyldur þess verði metin sérstaklega, einkum sjálfstætt starfandi listafólk og listafólk af erlendum uppruna. Jafnframt verði skýrt hvernig

meta skuli óreglulegar tekjur af listamannalaunum, styrkjum, verkefnum, höfundarlaunum og sölu verka, þannig að þær verði ekki sjálfkrafa taldar merki um ótrygga framfærslu.

3. Að haft verði samráð við Bandalag íslenskra listamanna og aðildarfélög þess við endurskoðun reglugerðardraganna áður en reglugerðin verður samþykkt.

Lokaorð

Bandalag íslenskra listamanna vill undirstrika mikilvægi lista og menningar fyrir lýðræðislegt samfélag. Listir og menning stuðla að gagnrýninni hugsun og samfélagslegri umræðu og efla jafnframt lýðheilsu, vellíðan og félagslega þátttöku. Fjölbreytt menningarlíf er því mikilvægur þáttur í heilbrigðu samfélagi.

Listamannalaun, laun fyrir listkennslu og styrkir til listsköpunar eru almennt undir kjarasamningsbundnum og sambærilegum launum á Íslandi og veita listafólki því ekki tryggt framfærsluöryggi. BÍL telur að áður en framfærsluviðmiðin verða hækkuð verði ríkisstjórnin að horfast í augu við þessa stöðu og axla ábyrgð á því að tryggja listafólki mannsæmandi laun og bæta kjör stéttarinnar. Ekki er raunhæft að hækka framfærsluviðmiðin með þeim hætti sem lagt er til án þess að taka jafnframt á því misræmi sem er á milli launa og raunverulegs framfærslukostnaðar.

BÍL hefur verulegar áhyggjur af því að fyrirhuguð reglugerð geti leitt til þess að listafólk sem hefur búið hér, starfað hér, greitt skatta og auðgað íslenskt samfélag verði útilokað frá því að öðlast íslenskan ríkisborgararétt eða fá áframhaldandi dvalarleyfi vegna framfærsluviðmiða sem taka ekki mið af raunverulegum starfsskilyrðum þess.

BÍL leggst því eindregið gegn fyrirhugaðri hækkun framfærsluviðmiðanna eins og hún er sett fram í reglugerðardrögunum og krefst þess að fjárhæðirnar verði endurskoðaðar eða núverandi viðmiðum haldið óbreyttum.

Fyrir hönd stjórnar BÍL

Jóna Hlíf Halldórsdóttir

Jóna Hlíf Halldórsdóttir, forseti Bandalags íslenskra listamanna.